

Því dæmist rjett að vera:

Hjéraðsdómurinn í þessu máli á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 17. júlímán.

Nr. 9/1882

Ritstjóri Jón Ólafsson

gegn

Dr. Gr. Thomsen og

bæjarfógeta E. Th. Jónassen

Úrskurður:

Með gestarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 16. febrúarmán. þ. á., er ritstjóri bladsins „Skuldar“ alþingismaður Jón Ólafsson dæmdur til að greiða 40 kr. sekt og 10 kr. í málskostnað fyrir meiðyrði í blaði þessu Nr. 141, dags. 13. janúar þ. á., um alþingismann Dr. Grim Thomsen, og voru þau dæmd dauð og ómerk.

Áfrýjandinn, ritstjóri Jón Ólafsson, hefur nú stefnt dómi þessum til yfirdómsins til þess að hinn áfrýjaði dómur með undangengnum úrskurðum og annari málsmeðferð verði dæmdur ómerkur að nokkru eða öllu leyti með eða án heimvisunar, eða þá að dóminum og úrskurðunum verði hrundið og breytt, en til bráðabyrgða hefur hann í málsfærslu sinni gjört þá rjettarkröfu, að dómurinn með undangengnum úrskurðum verði dæmdur ómerkur að öllu eða nokkru leyti með eða án heimvisunar og að hinir stefndu alternativt eða in solidum verði dæmdir til að greiða málskostnað. Til vara hefur áfrýjand-

inn krafizt 3 vikna eða annars hæfilegs frests til sóknar á máli sínu í aðalefni þess. Hinir stefndu hafa þar á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og úrskurðir verði staðfestir.—Yfirdómurinn verður að fallast á skoðun gestarrjettardómarans, að það, sem sök er gefin á í þessu máli, ekki geti heimilað frest til sönnunar því, að hinn stefndi hafi verið ritstjóri blaðsins Ísafoldar, úr því að annar maður var nafngreindur sem útgefandi eða ábyrgðarmaður þessa blaðs, nje heldur frest til þess að sanna, að hinn stefndi hafi játað sig höfund að tilteknum greinum, er staðið hafi í blaðinu Ísafold, er kunni að innihalda ummæli, sem að rjettlæti það, er útaf greinum þessum hefur sagt verið í blaðinu Skuld. Hið sama er og um það, að málsmeðferðin eigi getur orðið dæmd ómerk fyrir það að gestarrjettardómarinn eigi vildi veita áfrýjanda lengri frest til bókunar en fjórðung stundar, í stað þess að hann bað um einnar eða tveggja stunda frest til bókunar, og skal þess getið, að úr því að áfrýjandi ekki vildi nota frest þann, er honum var boðinn í það skipti, verður ekki um það dæmt, hvort þessi frestur hafi verið honum ónógur. Þareð þannig engin ástæða er til þess að dæma hinn áfrýjaða dóm og úrskurði eða hina aðra málsmeðferð í hjeradi ómerka, verður eptir beiðni áfrýjanda að veita honum þriggja vikna frest samkvæmt varakröfu hans til þess að sækja aðalefni málsins.

Því úrskurðast:

Krafa áfrýjanda um ómerking gestarrjettardómsins og úrskurða þeirra, sem kveðnir hafa

verið upp í málinu, verður ekki tekin til greina, en honum veitist 3 vikna frestur til þess að sækja málið í aðalefninu.

Nr. 13/1882

Rjettvísni

gegn

Sveini Sveinssyni.

Dómur:

Rannsókn og meðferð þessa máls er mjög svo ábótavant af hendi undirdómarans.

- 1, bera prófsgjörðirnar með sjer, að hinn ákærði alltaf hefur verið viðstaddur við yfirheyrslu þeirra vitna, sem leidd hafa verið undir rannsókn málsins til að gefa skýrslu um atferli hans við ýms tækifæri;
- 2, sjest ekki á prófunum, að hinn ákærði hafi sjálfur verið reglulega yfirheyrður og látinn gefa greinilega skýrslu um atriði þau, sem vitnin hafa borið um. Þannig hefur hinn ákærði ekki verið látinn gefa neina skýrslu fyrir rjettinum um það, hvernig það atvikaðist, að hann bar heim til sín bor þann, sem honum er gefið að sök að hafa stolið við uppboðið á skipinu Viva, og í hvaða skyni hann hafi borið hann heim til sín; sömuleiðis vantar skýrslu hans um, hvar hann hafi tekið suðvesti það, sem hann brúkaði, en annar maður lýsti eign sína, og í hvaða skyni hann hafi tekið það, og yfirhöfuð vantar skýrslu hins ákærða um öll þau atvik, sem hjer eru gjörð að rannsóknar og málshöfðunarefni;
- 3, vantar allar upplýsingar um, hvers virði þeir munir